

**Fundargerð**  
**aðalfundar Fimleikafélagsins Björk**  
**28. apríl 2015**

Fundurinn var haldinn 28. apríl 2015 kl. 20:00 í félagsaðstöðu félagsins í Íþróttamiðstöðinni Björk, Hafnarfirði. Formaður félagsins, Ingvar Kristinsson setti fundinn, bauð fólk velkomið og stakk upp á Hannesi Péturssyni sem fundarstjóra og Guðrúnu Björk Bjarnadóttur sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri fór yfir fundarboð og lýsti fundinn lögmætan. Í því sambandi var rætt um sérstaklega hvort starfsmönnum félagsins hefði verið sent fundarboð. Taldi formaður að svo hefði verið gert. Var því næst kjörgengi fundarmanna kannað með því að allir viðstaddir skrifuðu nafn sitt á blað og ef þeir voru ekki sjálfir iðkendur, fyrir hvaða iðkanda þeir mættu. Mættir voru 10 manns og er mætingarlistinn meðfylgjandi fundargerð þessari. Fór fundarstjóri yfir ákvæði laga félagsins um kjörgengi og heimild til þátttöku í atkvæðagreiðslu.

Gengið var til auglýstrar dagskrár.

1. Fundargerð síðasta aðalfundar hefur verið á vef félagsins og engar athugasemdir við hana borist.
2. Formaður gerði grein fyrir skýrslu stjórnar og síðan reikningum félagsins, en hvort tveggja lá frammi fyrir fundarmenn. Stuttar umræður urðu um skýrsluna og reikningana. Guðrún Björk þakkaði formanni fyrir störfin undanfarin ár svo og Hlín Árnadóttur fyrir ósérhlífna vinnu við viðhald á félagsaðstöðunni svo og Hafsteini Þórðarsyni fyrir ómetanlega aðstoð við endurskipulagningu fjármála félagsins. Voru reikningar samþykktir samhljóða.
3. Tillögur til lagabreytinga. Formaður gerði grein fyrir því að á síðasta aðalfundi hefðu verið samþykkt ný lög í heild sinni, þau hefðu þó ekki hlotið gildi þá þar sem slíkt krefðist staðfestingar ÍSÍ. Ein helsta breyting laganna er að í þeim er nú gert ráð fyrir sérstakri félagsdeild fyrir aðra en þá sem eru iðkendur í félaginu. Bréf barst frá ÍSÍ í janúar sl. þar sem löggin voru staðfest með nokkrum athugasemdum. Fór formaður yfir athugasemdir þessar og viðbrögð stjórnar við þeim og þá sérstaklega ábendingu hvað varðar rétt foreldra iðkenda til að fara með atkvæði fyrir hönd iðkenda undir 16 ára aldri. Í félaginu eru 90% iðkenda undir þessum aldri og því telur stjórnin nauðsynlegt að viðhalda því fyrirkomulagi að foreldrar eða forráðamenn geti farið með atkvæðisrétt þeirra jafnvel þótt þeir séu ekki sjálfir skráðir iðkendur eða félagar í félaginu. Að þessu loknu var lagt fyrir fundinn nokkrar breytingar á lögum félagsins sem sjá má í meðfylgjandi skjali. Voru þær samþykktar auk þess sem fram kom tillaga um að afnema ákvæði laganna sem setur fjöldatakmörkun á heiðursfélaga. Var tillagan samþykkt.
4. Kosning formanns. Í framboði voru Sjöfn Jónsdóttir og Ingvar Kristinsson. Gerðu þau bæði stuttlega grein fyrir sér og stefnumálum sínum. Gengið var til leynilegra kosninga. Atkvæði féllu þannig að Sjöfn hlaut þrjú atkvæði, Ingvar hlaut sex atkvæði og eitt var autt. Fundarstjóri tilkynnti úrslit kosninganna.

5. Kosning til stjórnar. Gerð var grein fyrir því að nú yrði kosið til bráðabirgða einn til eins árs og einn til tveggja ára vegna nýrra laga félagsins. Í framboði til tveggja ára var Guðrún Björk Bjarnadóttir og var hún sjálfkjörin. Í framboði til tveggja ára voru Sjöfn Jónsdóttir og Kristinn Arason. Gengið var til leynilegra kosninga. Atkvæði hlutu þannig að tvö atkvæði voru auð, og hlutu Sjöfn og Kristinn bæði fjögur atkvæði. Ákveðið var að endurtaka kosninguna en um leið tilkynnt ef atkvæði yrðu aftur jöfn yrði varpað hlutkesti. Var þá aftur gengið til leynilegra kosninga. Fóru atkvæði þá þannig að Kristinn hlaut sex atkvæði. Var niðurstaðan tilkynnt af fundarstjóra. Að því loknu var farið yfir tilnefningar deilda til aðalstjórnar eru þær eftirfarandi:
  - a. Sigríður K. Hafþórsdóttir frá klifurdeild
  - b. Páll Ólafsson frá Taekwondodeild
  - c. Snorri Sigurðsson frá fimleikadeild
  - d. Guðrún Bjarnadóttir frá fimleikadeild
6. Kosningar skoðunarmanna. Kosin voru þau María E. Ingvadóttir og Ingólfur Arnarson.
7. Önnur mál.
  - a. Hildur Ketilsdóttir spurðist fyrir um stöðu fjármögnunar nýs fimleikagólfs. Upplýst var að formlegt bréf hefði verið sent til bæjarins og væri málið í skoðun þar. Íþróttafulltrúi og starfsmenn framkvæmdasviðs hefðu komið og skoðað aðstöðuna og væru jákvæðir fyrir málinu. Hins vegar bíða framkvæmdir fjárhagsúttektar bæjarins sem átti að klárast nú í lok apríl. Nokkrar umræður urðu um málið og var mál manna að reyna að flýta fyrir framkvæmdum með því að fara í eigin fjármögnun á gólfinu. Er fimleikastjórn að skoða möguleika á slíku.
  - b. Tillaga var borin fram af Hafsteini Þórðarsyni og studd af Þór Ólafssyni um að árgjald í nýja félagsdeild verði kr. 5000. Barst þá breytingatillaga frá Hannesi Péturssyni um að í stað þessa verði samþykkt að fela aðalstjórn að ákveða slíkt gjald eftir að hafa kannað hvað tíðkast hjá öðrum sambærilegum félögum. Var breytingatillagan felld og aðaltillagan síðan samþykkt. Í þessu sambandi talaði formaður um að haldinn verði stofnfundur deildarinnar sem fyrst og var skorað á Sjöfn Jónsdóttur að gefa kost á sér að leiða deildina. Þá bauð Hlín Árnadóttir einnig fram krafta sína við að leiða þessa deild og var því fagnað.
  - c. Sjöfn Jónsdóttir kvað sér hljóðs og þakkaði fyrir samvinnu og samstarf við stjórn síðustu ár. Voru henni um leið þökkuð góð störf í þágu félagsins.
  - d. Formaður ávarpaði einnig fundinn og lagði áherslu á að verkefni næsta árs væri stofnun nýrrar félagsdeildar og að hann vænti mikils af henni við að koma að framtíðarskipulagningu félagsins.
  - e. Engin önnur mál voru borin upp og var fundi slitið 21:57.

Guðrún Björk Bjarnadóttir